

Frá eftirfylgninefnd ábendinga innri endurskoðanda

Drög tillögu um framkvæmd tillagna og ábendinga innri endurskoðanda um nýráðningar akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands.

Á fundi háskólaráðs 12. október sl. var samþykkt að ábendingum og tillögum í skýrslum innri endurskoðanda sem háskólaráð hefur fjallað um og samþykkt, skuli beint til sameiginlegrar stjórnarsýslu til úrvinnslu og framkvæmdar innan háskólans. Starfrækt skal sérstök þriggja manna nefnd sameiginlegrar stjórnarsýslu undir forystu framkvæmdastjóra háskólans sem í sitja auk hans tveir fulltrúar sameiginlegrar stjórnarsýslu, skv. nánari ákvörðun rektors. Nefndin kallar aðra starfsmenn háskólans til eftir efninu. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir því sem kostur er úrvinnslu einstakra tillagna og ábendinga til úrbóta, innleiðingu þeirra og framkvæmd innan háskólans eftir því sem við á og aðstæður leyfa. Í því getur m.a. fallist undirbúningur tillagna til háskólaráðs að breytingum á reglum og verklagsreglum og samning leiðbeininga og viðmiða um einstök viðfangsefni.

Nefndin hefur náði samráð við rektor og gerir háskólaráði grein fyrir innleiðingu og framkvæmd með reglulegu millibili, að jafnaði fjórum mánuðum eftir samþykkt hvernar skýrslu innri endurskoðanda.

Á fundi háskólaráðs 12. janúar sl. voru lögð fram drög skýrslu innri endurskoðanda um nýráðningar akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands. Skýrsludrögin voru kynnt, rædd og samþykkt.

Í framhaldi af fundi háskólaráðs ákvað rektor, að í nefndinni til að fylgja eftir tillögum og ábendingum innri endurskoðanda nýráðningar akademískra starfsmanna við HÍ, verði auk framkvæmdastjóra, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda og Elín Blöndal, lögfræðingur HÍ.

Nefndin hefur haldið tvo fundi um málið.

Hér á eftir fylgja drög að tillögum nefndarinnar.

Almennt er tekið undir helstu niðurstöður og ábendingar sem fram koma í skýrslu innri endurskoðanda. Helstu tillögur til úrbóta sem þar koma fram eru:

1. Innleiða þarf upplýsingakerfi/starfsmannakerfi til að halda utan um upplýsingar um starfsmenn,
2. vinna ætti mannaflaáætlun, ráðningaráætlun og mannaflagreiningu,
3. auglýsa ætti oftár laus akademísk störf á alþjóðlegum vettvangi,
4. skipa ætti dómnefndir og valnefndir áður en umsóknarfrestur rennur út,
5. kanna ætti fýsileika þess að fækka fulltrúum í valnefnd,
6. upplýsa þarf umsækjendur um málsmeðferðartíma við ráðningu í akademíska stöðu og senda þeim tilkynningu ef tafir verða á störfum nefndanna,
7. setja ætti verklagsreglur um vinnu valnefnda og gera skylt að vinna ráðningaráætlun líkt og ráðgefandi hæfnisnefndir um embætti við Stjórnarráð Íslands,

8. setja ætti valnefnd skipunarbréf og senda umsækjendum tilkynningu um skipun hennar og
9. halda þarf skipulega utan um vinnugögn valnefndar.

Þá bendir innri endurskoðandi m.a. einnig á

- að setja þurfi verklagsreglur um nýráðningar akademískra starfsmanna á Hugvísindasviði og Menntavísindasviði,
- að senda skuli ráðningarbeiðnir til framkvæmdastjóra stjórnarsýslu og afgreiða þær með formlegum hætti og vista í skjalavörslukerfi HÍ,
- að móta ætti staðlað sniðmát auglýsinga og
- að umsækjendur um akademísk störf ættu að sækja um í umsóknarkerfinu eins og umsækjendur um almenn störf við HÍ.

Um einstakar ábendingar og tillögur:

Fram kemur í skýrslunni að innleiðing starfsmannakerfis (tillaga 1) er forgangsverkefni hjá starfsmannasviði.

Hvað varðar tillögur (2, 3 og 7) um mannaflaáætlun, ráðningaráætlun og mannaflagreiningu og að auglýsa ætti oftár laus akademísk störf á alþjóðlegum vettvangi, þá er um að ræða viðfangsefni sem vinna þarf fyrir hverja deild á hverju fræðasviði fyrir sig.

Eftirfylgninefnd lítur þannig á að gera verði ráð fyrir að þessi viðfangsefni falli undir fimm ára áætlun um rekstur Háskóla Íslands, sem háskólaráð samþykkti á fundi sínum 12. janúar sl. að unnin verði á fyrri hluta ársins 2017 (og tengist lögum um opinber fjármál). Jafnframt samþykkti ráðið að strangt aðhald verði með ráðningum, þar sem skilyrt er að óskir um nýráðningar, bæði hvað varðar störf í akademíu og í stjórnarsýslu og stoðþjónustu, þurfi að bera undir undanþágunefnd sem skipuð verði framkvæmdastjóra og starfsmannastjóra miðlægrar stjórnarsýslu ásamt starfsmannastjóra og rekstrarstjóra viðkomandi fræðasviðs eða yfirmanni þeirrar miðlægu einingar sem óskar eftir ráðningu. Hvað varðar að auglýsa oftár laus akademísk störf á alþjóðlegum vettvangi, þá eru forsendur til þess mismunandi eftir greinum og meta verður hverju sinni hvort það teljist æskilegt.

Varðandi tillögu (4) um að skipa ætti dómnefndir og valnefndir áður en umsóknarfrestur rennur út, þá mælir eftirfylgninefndin gegn því í ljósi hlutverka þessara nefnda. Ein grunnforsendan við mat á hæfi umsækjenda og tillögugerð til rektors eða forseta fræðasviða um ráðningu, er að nefndir gæti fyllsta hlutleysis og ákvæði um vanhæfi séu í heiðri höfð. Unnt er að gæta betur að því ef nefndirnar eru skipaðar eftir að umsóknarfrestur er liðinn. Á mótí kemur að fyrir lok umsóknarfrests verði búið (eins og jafnan er) að undirbúa mögulega skipun í nefndirnar þannig að þær verði skipaðar jafnskiótt og umsóknarfrestur er út runninn. Lagt er til að tilnefningar fulltrúa í dómnefndir og valnefndir liggi fyrir er starfið er auglýst þannig að unnt sé að skipa í nefndirnar um leið og umsóknarfrestur er liðinn. Það stuðlar að styttri málsmeðferðartíma.

Aðrar ábendingar og tillögur (6-9) lúta að valnefndum, þ.e. málsmeðferðartíma, mögulegri fækkun fulltrúa í valnefndum, vinnulagi valnefnda og skipunarbréfi.

Kveðið er á um það í 45. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009 að háskólaráð geti sett valnefndum nánari verklagsreglur. Fram kemur í skýrslu innri endurskoðanda að starfsmannasvið vinni að undirbúningi nánari verklagsreglna um störf valnefnda. Rétt er að þar verði kveðið á um málsmeðferð, málsmeðferðartíma, vinnulag valnefnda, meðferð gagna, leiðbeiningar um hæfi fulltrúa, efni skipunarbréfs o.fl. atriði er lúta að störfum nefndanna og innri endurskoðandi bendir á í skýrslu sinni. Eftirfylgninefndin hvetur til þess að þessari vinnu verði flýtt og að tillaga að verklagsreglum verður lögð fyrir háskólaráð eins fljótt og auðið er. Jafnframt telur eftirfylgninefnd mikilvægt að gætt verði að verklagsreglum fyrir dómnefndir.

Hvað varðar sérstaklega mögulega fækkun fulltrúa í valnefndum telur eftirfylgninefndin það ekki æskilegt. Í valnefnd eru fimm fulltrúar og er hlutverk hennar að fara yfir umsóknir um akademísk störf við fræðasvið eða deild og stofnanir sem undir deild eða viðkomandi fræðasvið heyra og veita forseta fræðasviðs eða eftir atvikum rektor umsögn um umsækjendur áður en tekin er ákvörðun um ráðningu (44. gr. reglna). Deildarforseti er formaður, einn fulltrúi er tilnefndur af viðkomandi deild (til þriggja ára), tveir fulltrúar, sérfræðingar á sviði starfsins, eru tilnefndir hverju sinni af deildarráði eða deildarforseta og svo er einn fulltrúi tilnefndur af rektor (skipaður til þriggja ára). Skipan fulltrúanna ræðst þannig af þeim forsendum, sjónarmiðum og faglegu kröfum sem taka verður mið af við ráðningu í starfið. Samkvæmt 34.gr. reglna háskólans gerir deild eða stofnun tillögu til forseta fræðasviðs um skilgreiningu starfs í samræmi við stefnu deildar, fræðasviðs og háskólans. Þetta verkefni er falið deildarráði eða valnefnd deildar í umboði þess, stjórn stofnunar eða námsstjórn þverfræðilegrar námsleiðar. Skilgreining starfs skal ganga út frá einu tilteknu starfsheiti (28. gr. reglnanna) og skal liggja fyrir áður en starf er auglýst. Á endanum er það síðan rektor sem veitir ótímabundna ráðningu.

Loks bendir eftirfylgninefnd á að auk atriða í skýrslu innri endurskoðenda eru fleiri þættir sem varða ferli ákvarðanatöku um ráðningar sem kanna þarf nánar. Má þar á meðal benda á skilyrði laga og reglna um hæfi til að gegna akademísku starfi, hvenær víkja megi frá skilyrðum laga um doktorspróf og hvernig best megi tryggja að jafnræðis verði gætt gagnvart umsækjendum hvað þessi skilyrði varðar.